

ber að dæma hann til að greiða áfrýjanda 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Stefndi, Páll Þorkelsson gullsmiður, greiði áfrýjanda, cand.jur. Klemens Jónssyni fyrir hönd F. A Löve, 307 kr. 35 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 18. desbr. f. á. til borgunardags, og 25 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 37/1889.

S. E. Waage fyrir hönd
Jóns Ó. V. Jónssonar
gegn
Páli Þorkelssyni.

D ó m u r :

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, gengnum 4. apríl p. á., var hinn stefndi, tannlæknir Páll Þorkelsson, dæmdur til að greiða áfrýjandanum, verzlunarstjóra S. E. Waage fyrir hönd kaupmanns J. Ó. V. Jónssonar, verzlunarskuld, að upphæð 126 kr. 91 e., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 7. jan. p. á., til borgunardags, og 15 krónur í málskostnað, en málsfærslumaður áfrýjanda fyrir bæjarþinginu, E. Egilsson, skyldi fyrir ósæmilegan rithátt greiða sekt, 5 kr. í fátækra sjóð Reykjavíkur og 5 kr. í landssjóð. Hefur áfrýjandi krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að dómur þessi verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu eða með einhverju nægilegu

eptir mati rjettarins. Hinn stefndi, sem hefur gagnáfrýjað málinu, hefur aptur á móti krafizt þess, að verða dæmdur sýkn af kærur og kröfum áfrýjandans, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sjer 150 krónur í skadabætur fyrir tímatöf og lánstraustsspilling og í málskostnað 50 kr. eða þá upphæð, er rjettinum þyki hæfileg, og loks að sektarákvæði undirrjettardómsins snertandi málsfærslumann áfrýjandans verði látið standa óhaggað.

Stefndi hefur fyrir undirrjettinum kannazt við að skulda áfrýjandanum af hinum umstefndu 126 kr. 91 e. 54 kr. 91 e., og getur því eigi til mála komið að leysa hann undan að greiða þá upphæð; en hann hefur haldið því fram, að hann sje ranglega krafinn um hinar eptirstandandi 72 kr., þar sem sjer sje í reikningi áfrýjandans færð til skuldar úttekt tveggja skólapilta fyrir 72 kr. án þess hann hafi gefið nokkurt leyfi til þess. En með því að það er sannað af áfrýjanda hálfu, að skólapiltar þessir, sem stefndi var fjárhaldsmaður fyrir, fengu úttektina í hvert skipti eptir brjeflegri beiðni stefnda til áfrýjanda, er þeir höfðu með sjer og færðu áfrýjanda og sem eigi verður skilin öðruvísi en svo, að stefndi hafi ætlazt til, að úttektin væri skrifuð í sinn reikning, þó það væri eigi sagt berum orðum, þá verður eigi þessi mótbára stefnda til greina tekin, og verður hann því að dæmast til að greiða áfrýjanda alla hina umstefndu skuld með 5% vöxtum frá sáttakæruðegi til borgunardags. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins og engin krafa hefur komið fram um breytingu á sektarákvæði hans, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild sinni.

Eptir úrslitum málsins og með tilliti til þess, að stefndi gaf tilefni til áfrýjunar málsins af hendi sækjanda, með því að áfrýja því til yfirdómsins með óþarflega löngum fresti, ber stefnda að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Aðalstefndi, Páll tannlæknir Þorkelsson, greiði aðaláfrýjandanum, S. E. Waage fyrir hönd J. Ó. V. Jónssonar kaupmanns, 20—tuttugu—krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 19. ágústmán.

Nr. 34/1889

Björn Jónsson

gegn

Kr. Ó. Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar af bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni gegn blaðstjóra og prentsmiðjueiganda Birni Jónssyni út af því, að Björn Jónsson ekki gjörði honum reikningsskil fyrir mánaðarritinu «Ídunni» árin 1884 og 1885, er þeir gáfu út í sameiningu, og var það dæmt 25. aprílmán. þ. á. með þeim úrslitum, að Björn Jónsson skyldi, gegn fullnægjandi skýrslu frá Kristjáni Þorgrímssyni um það, hvað til hans hafi goldið af andvirði nefndsrits I.—III. bindis frá kaupendum utan Reykjavíkur-